

312. fundur

Föstudaginn 13. nóvember 2025, kl. 14:00 kom verðlagsnefnd bíuvara saman í atvinnuvegaráðuneytinu. Fundinn sátu: Tryggvi Þór Herbertsson, formaður, Elín Margrét Stefánsdóttir, Hálf dán Óskarsson, Hrannar Már Gunnarsson, Reynir Þór Jónsson, Pálmi Vilhjálmsson, Steinunn Bragadóttir og Sigurbjörg Ottesen. Þá sat einnig fundinn Arnar Freyr Einarsson, ATRN.

Þetta gerðist á fundinum.

Formaður tók eftirfarandi fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Verðlagsgrundvöllur kúabús

Farið var yfir þróun verðlagsgrundvallar kúabús frá síðustu verðlagningu, sem tók gildi 1. september sl. og byggði á verðlagsgrundvelli júnímánaðar. Kostnaðarliðir hafa hækkað um 0,18% frá júní 2025 til september 2025. Byggir sá útreikningur á nýjustu gildum þeirra vísitalna sem notaðar eru til framreiknings verðlagsgrundvallar, þ.e. vísitölugildi frá júní til september. Að lokinni yfirferð og umræðum var verðlagsgrundvöllur staðfestur.

2. Iðnaðarlíkan

Farið yfir þróun vinnslu- og dreifingarkostnaðar afurðastöðva frá síðustu verðlagningu sem tók gildi 1. september, en hún byggði á niðurstöðum iðnaðarlíkans í júní. Frá júní 2025 til september 2025 er hækkunarþörf vinnslu- og dreifingarkostnaðar metin 0,28%. Að lokinni yfirferð yfir helstu forsendur og umræður voru niðurstöður iðnaðarlíkansins staðfestar.

3. Verðákvörðun

Að loknum umræðum um niðurstöður verðlagslíkana og þróun kostnaðarliða síðustu mánuði var lögð fram tillaga um hækkun lágmarksverðs til bænda en að geyma hækkun heildsöluverðs mjólkurvara þar til við næstu verðákvörðun og þá verði litið til breytinga iðnaðarlíkans frá júní 2025. Lagt til að lágmarksverð til bænda yrði hækkað um sem nemur hækkun verðlagsgrundvallar frá júní til september 2025. Samhliða því hækki heildsöluverð ógerilsneyddrar mjólkur um sem nemur áhrifum vegna hækkunar lágmarksverðs. Tillagan var samþykkt. Lágmarksverð mjólkur til bænda hækkar um 0,18% úr 141,13 kr./ltr í 141,39 kr./ltr þann 17. nóvember og heildsöluverð ógerilsneyddrar mjólkur í lausu máli um 0,16%.

4. Erindi BÍ til verðlagsnefndar

Lagt fram erindi Bændasamtaka Íslands til verðlagsnefndar um verðlagningu eftir nýjum verðlagsgrundvelli. Fulltrúar bænda ítrekuðu enn og aftur þann mun sem verðlagsgrundvöllur sýnir á tekjum og framleiðslukostnaði mjólkurframleiðslu og mikilvægi þess að mæta þeim mikla mismun. Í erindinu er farið yfir hve mikill mismunur er á milli afurðaverðs og framleiðslukostnaðar mjólkur skv. verðlagsgrundvelli í krónum talið. Farið er fram á að á meðan umræddur mismunur sé við líði, verði fyrirkomulag verðlagningar endurskoðað og horft verði til raunverulegra breytinga í framleiðslukostnaði í kr./ltr frekar en prósentuhækkun milli tímabila, enda skapi sú framkvæmd enn meiri mismun milli tekna og framleiðslukostnaðar. Umræður og vangaveltur um hvort það sé á valdi verðlagsnefndar að breyta framkvæmdinni. Ákveðið að málið verði skoðað innan ráðuneytisins og nefndin leiti leiðbeininga þess um hvort og hvernig verðlagsnefnd geti snúið sér í málinu.

5. Önnur mál

Umræða um varamenn og næstu fundi. Ákveðið að almenna reglan verði að varamenn fái afrit af fundargögnum. Ákveðið að næsti fundur verði boðaður fljótlega og verði í janúar eða byrjun febrúar þegar allar vísitölur fyrir verðlagsgrundvöll desembermánaðar liggja fyrir.

Fleira var ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15:30.

Tryggvi Þór Herbertsson

Arnar Freyr Einarsson